

Bæjarstjórn - 1924

FUNDARBOÐ

**1924. fundur bæjarstjórnar Hafnarfjarðar
verður haldinn í fundarsal bæjarstjórnar Hafnarborg, miðvikudaginn 17.
janúar 2024 og hefst kl. 14:00**

Dagskrá:

Almenn erindi

**1. 2308876 - Fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarkaupstaðar og fyrirtækja hans
2024 og 2025-2027**

1.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 11.janúar sl.
Lagðir fram viðaukar 1 og 2
Helga Benediktsdóttir sviðsstjóri mætir til fundarins.

Bæjarráð samþykkir framlagða viðauka og vísar til bæjarstjórnar til staðfestingar.

Bæjarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar óska bókað. "Það er um mánuður frá því fjárhagsáætlun bæjarins var afgreidd. Á þeim fundi 4. desember 2023, lagði jafnaðarfólk til fjárveitingu upp á 50 milljónir til húsnæðisöflunar fyrir Brettafélagið, enda þá fyrirséð að í verkefnið yrði farið og allir þættir þess ljósir. Tillagan var fullfjármögnuð eins og aðrar breytingatillögur Samfylkingarinnar sem kölluðu á útgjöld. Meirihluti Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins felldu þá tillögu. Nú 37 dögum síðar á nýju fjárhagsári leggur meirihluti þessara flokka fram sömu tillögu, en nú viðaukatillögu/ breytingtillögu á nýsamþykktri fjárhagsáætlun. Sama málið, nánast sama upphæð, en ófjármögnuð og eykur á fyrirsjáanlegan rekstrarhalla bæjarsjóðs. Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur gátu ekki samþykkt tillöguna vegna þess að hún kom frá jafnaðarmönnum. Þetta undirstrikar enn og aftur lausatök í fjármálastjórn og reiðileysi meirihlutans. Málið er hins vegar jafngott og það var fyrir mánuði síðar og Samfylkingin styður það, enda haft forystu um að húsnæðisbætur til Brettafélagsins og fleiri íþróttafélaga verði að veruleika.

Fulltrúar Framsóknar og Sjálfstæðisflokk bóka svohljóðandi:
Í málefnasamningi Sjálfstæðisflokks og Framsóknar er lögð áhersla á að tryggja framtíðarhúsnæði Brettafélags Hafnarfjarðar og er því mikið fagnaðarefni að það sé að raungerast með leigu á nýju glæsilegu húsnæði við Selhelli. Þegar fjárhagsáætlun fyrir árið 2024 var samþykkt í byrjun desember voru viðræður í gangi um leigu húsnæðisins og því ekki tímabært að setja inn í fjárhagsáætlun upphæð mögulegs samnings.

**2. 2208659 - Fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarkaupstaðar og fyrirtækja hans
2023 og 2024-2026**

2.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 11.janúar sl.
Lagðir fram viðaukar 3 og 4. Helga Benediktsdóttir sviðsstjóri mætir til fundarins.

Bæjarráð samþykkir framlagða viðauka og vísar til bæjarstjórnar til staðfestingar.

Fulltrúar Samfylkingar bóka svohljóðandi:

Legið hefur fyrir um sex mánaða skeið útgjöld vegna kaupa bæjarsjóðs á húseign Íslandsbanka að Strandgötu 8-10. Ekki var ráð fyrir þeim gert í fjárhagsáætlun meirihlutflokkanna. Nú 11 dögum eftir áramót er meirihluti Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks nauðbeygður að leita heimildar frá bæjarstjórn með breytingartillögur á glænýrri fjárhagsáætlun vegna liðins árs til að standa við fyrri skuldbindingar. Þetta sýnir enn og aftur fyrirhyggjuleysi í fjármálastjórn meirihluta bæjarstjórnar.

Viðbótarútgjöld vegna næturstrætó. Næturstrætó er mikilvægur þjónustuauki við Hafnafirðinga, sem Samfylkingin hefur barist fyrir. Það má undarlegt teljast að útgjöld vegna þjónustu sem innt var af hendi á síðasta ári verði sótt á nýju fjárhagsári með breytingartillögur á á fjárhagsáætlun síðasta árs. . Þennan kostnað bar að greiða á nýliðnu ári.

3. 2308876 - Fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarkaupstaðar og fyrirtækja hans 2024 og 2025-2027

3.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 11.janúar sl.
Lagt fram minnisblað. Tillaga um gjalddaga fasteignagjalda á árinu 2024.
Helga Benediktsdóttir sviðsstjóri mætir til fundarins.

Bæjarráð samþykkir framlagða tillögu um gjalddaga fasteignagjalda á árinu 2024 og vísað til staðfestingar í bæjarstjórn.

4. 2312435 - Tunguhella 10, umsókn um lóð

5.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 11.janúar sl.
Lögð fram umsókn Péturs Ólafssonar ehf. um lóðina nr. 10 við Tunguhellu

Bæjarráð samþykkir úthlutun lóðarinnar og vísar til staðfestingar í bæjarstjórn.

5. 2312416 - Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins, gjaldskrá 2024

7.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 11.janúar sl.
Lögð fram til afgreiðslu gjaldskrá slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins 2024

Bæjarráð samþykkir framlagða gjaldskrá og vísar til bæjarstjórnar til staðfestingar.

6. 2401120 - Gjaldskrárlækkun, tillaga, Viðreisn

12.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 11. janúar sl.
Lögð fram tillaga bæjarfulltrúa Viðreisnar.

Fulltrúi Viðreisnar leggur til að bæjarráð endurskoði ákvörðun bæjarstjórnar á fyrirhuguðum gjaldskrárhækkunum fyrir árið 2024 sem verða að jafnaði 9,9% og

geri það að tillögu sinni við bæjarstjórn að dregið verði úr hækkunum og þær verði að jafnaði 3,5%

Greinargerð

Nú eru kjarasamningsviðræður hafnar og ljóst að stefnt er á nýja þjóðarsátt með hóflegum launahækkunum þar sem baráttan gegn verðbólgu og vöxtum verður meginstefið. Til þess að svo megi verða er mikilvægt að ríki, sveitarfélög og verslun og þjónustufyrirtæki taki höndum saman og takmarki hækkanir á verðskrá þannig að markmiðinu um lækkun verðbólgu og vaxta gangi hraðar fyrir sig en ella. Hafnarfjörður, sem þriðja stærsta sveitarfélag landsins, leikur því lykilhlutverk í þessari sátt. Hækkun upp á 9.9% er langt umfram almennar verðlagshækkanir og því ekki til þess fallið að sátt náist á vinnumarkaði.

Viðreisn leggur því til að Hafnarfjarðarbær fylgi fordæmi Reykjavíkurborgar og takmarki gjaldskrárhækkanir við 3,5%.

Það er allra hagur að ná niður verðbólgu og vöxtum. Það skiptir meira máli fyrir afkomu bæjarsjóðs að ná niður verðbólgu og vöxtum en hækkun gjaldskrár. Einnig eru það hagsmunir bæjarsjóðs að hóflegar hækkanir verði niðurstaðan þar sem stærsti útgjaldaliður bæjarsjóðs eru laun. Því er það pólitískt ábyrgt og fjárhagslega góð ákvörðun að takmarka hækkanir á gjaldskrá og fylgja fordæmi Reykjavíkurborgar og hvetja önnur sveitarfélög að gera slíkt hið sama. Hver prósentulækkun á vöxtum og verðbólgu skilar miklu meira til bæjarsjóðs en hver prósentuhækkun á gjaldskrá.

Bæjarráð vísar málinu til bæjarstjórnar.

Samfylkingin bókar svohljóðandi:

Samfylkingin gagnrýndi harðlega almenna 9,9% hækkun gjaldskrár, sem meirihluti Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokksins samþykkti á bæjarstjórnarfundi við síðari umræðu fjárhagsáætlunar. Ennfremur lögðu jafnaðarmenn fram tillögu, sem meirihlutinn hafnaði, sem hefði leitt til um helmings lækkun á þessum gríðarlegu álögum á bæjarbúa. Tilgangur jafnaðarfólks í bæjarstjórninni var að koma til móts við aðila vinnumarkaðarins og stuðla að lækkun verðbólgu, lækkun vaxta og stöðugleika í efnahagsmálum. Nú er krafan komin fram með enn meiri þunga og sýnt að Hafnarfjarðarbær verður að leggja sitt af mörkum til að tryggja góða sátt á vinnumarkaði og festu í efnahagsmálum. Nú kemst meirihlutinn ekki hjá því að lækka verulega álögur á bæjarbúa.

Bókun Framsóknar og Sjálfstæðisflokks:

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar 4. desember síðastliðinn var það skýrt tekið fram og bókað í fundargerð að komið geti til endurskoðunar á gjaldskrá gefi niðurstöður kjarasamninga tilefni til. Hafnarfjarðarbær var því eitt fyrsta sveitarfélag landsins til að lýsa því formlega yfir að vera tilbúið til endurskoðunar og breytinga á gjaldskrá. Við það loforð munum við standa. En þangað til er það óábyrgt að afsala sér fyrirfram tekjum sem eiga að standa undir kostnaði við þjónustu sveitarfélagsins. Eins og kunnugur er stendur vinna við kjarasamninga nú yfir og brátt munu opinberir aðilar koma að því borði. Þess bera að geta að Reykjavíkurborg hækkaði gjaldskrár sl. haust og svo aftur núna um áramót. Hafnarfjarðarbær hækkaði eingöngu um áramót.

7. 2201385 - Gráhelluhraun, nýtt deiliskipulag

1. liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 11. janúar sl. Lögð fram tillaga að nýju deiliskipulagi Gráhelluhrauns. Tillagan leggur áherslu

á aðgreindar göngu- og reiðleiðir sem og bílastæði í norðurenda svæðisins auk tenginga við aðkomu að athafnasvæði Hestamannafélagsins Sörla. Samhliða verða gerðar breytingar á skipulagi Kaldárselsvegs og athafnasvæði Sörla.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir að tillagan verði auglýst og vísar til staðfestingar í bæjarstjórn.

8. 2201386 - Athafnasvæði Sörla, breyting á deiliskipulagi

2.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 11.janúar sl.
Lögð fram tillaga að breytingu á deiliskipulagi athafnasvæðis Sörla. Um er að ræða breytingu á afmörkun deiliskipulagsins þar sem skipulag Gráhelluhrauns skarast við mörk þess.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir að tillagan verði auglýst og vísar til staðfestingar í bæjarstjórn.

9. 2312274 - Kaldárselsvegur, breyting á deiliskipulagi

3. liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 11.janúar sl.
Lögð fram tillaga að breytingu á deiliskipulagi Kaldárselsvegs. Um er að ræða breytingu á afmörkun deiliskipulagsins þar sem skipulag Gráhelluhrauns skarast við mörk þess.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir að tillagan verði auglýst og vísar til staðfestingar í bæjarstjórn.

10. 2312146 - Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2025, breyting vegna borteiga

4.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 11.janúar sl.
Lögð fram tillaga um að hafin verði vinna við breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 vegna borteiga samhliða nýju deiliskipulagi og breytingum á deiliskipulagi.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir að hafin verði vinna við breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 vegna borteiga samhliða nýju deiliskipulagi og breytinga á deiliskipulagi og vísar til staðfestingar í bæjarstjórn.

11. 2401383 - Sorphirða, flokkun, þjónusta

Tillaga frá Samfylkingunni

Fundargerðir

12. 2401143 - Fundargerðir 2024, til kynningar í bæjarstjórn

Fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 11.janúar sl.
Fundargerð bæjarráðs frá 11.janúar sl.
a. Fundargerð hafnarstjórnar frá 13.desember sl.
b. Fundargerð menningar- og ferðamálanefndar frá 14.desember sl.
c. Fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 15.desember sl.
d. Fundargerðir stjórnar SORPU bs. frá 7.nóvember, 5. og 20. desember og 9.janúar sl.

- e. Fundargerð stjórnar SSH frá 18. desember sl.
- f. Fundarerð stjórnar Strætó bs. frá 15. desember sl.
Fundargerð umhverfis- og framkvæmdaráðs frá 10. janúar sl.
- a. Fundargerðir stjórnar SORPU bs. frá 7. nóvember, 5. og 20. desember sl.
- b. Fundargerð stjórnar Strætó bs. frá 11. desember sl.
Fundargerð forsetanefndar frá 15. janúar sl.

15.01.2024

Rósa Guðbjartsdóttir bæjarstjóri